

Fundur skólaráðs 29. janúar 2018, kl. 16.00

Mætt voru: Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri, Sigurveig Önundardóttir og Valdís Kristinsdóttir fulltrúar kennara, Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi starfsmanna, Guðrún María Brynjólfsdóttir, Klara Bjarnadóttir og Ingunn Halldórsdóttir fulltrúar foreldra- og grenndarsamfélagsins, Guðlaug Erlendsdóttir aðstoðarskólastjóri er ritaði fundargerð.

Guðbjörg setti fundinn kl. 16:00 og bauð fundargesti velkomna.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun skólans
Guðbjörg fór yfir fjárhagsáætlun skólans vegna yfirstandandi fjárhagsárs.
2. Samstarf heimila og skóla
Rætt var um mikilvægi þess að efla góð og virk samskipti á milli foreldra og skólans. Farið var yfir hvernig samstarfinu er háttað í dag og rætt var um að gott væri að fá hugmyndir frá meðlimum Skólaráðs/foreldra um hvernig auka megi samstarfið.
Rætt var um að hvetja foreldra til að hafa samband við umsjónarkennara síns barns ef þeir hafa hugmyndir um að koma í bekkina með eitthvað sem tengist á einn eða annan hátt námsefninu.
Fjöldi nemenda sem sækir í hafragraut á morgnana hefur dregist saman undanfarnar vikur. Má hvetja foreldra til að senda börnin sín í hafragrautinn því það er staðgóður morgunmatur.
3. Kynning á stöðu þróunarverkefna
Guðbjörg fór stuttlega yfir stöðu þróunarverkefna skólans, þ.e. Byrjendalæsi, Skólamenning, Grænfáni og útinám, Teymiskennsla, Námsmat, Hér og nú, Nordens dage, og Náttúrufræði.
4. Foreldrafélagið
Rætt var um hvort og hvernig Heimili og skóli tengjast foreldrafélögum. Tilgangur og markmið foreldrafélagsins var áréttáður.
Tillögur/ábendingar foreldrafélagsins varðandi símanotkun í skólanum voru kynntar. Ábending barst frá foreldrafélaginu um að skólinn mætti gjarnan gera skólareglurnar sýnilegri í skólanum, svo sem inni í kennslustofum og á skólagöngunum.
5. Önnur mál
 - a. Ytra mat skólans
Farið var stuttlega yfir umgjörð og ferli matsins sem fram fór 15. – 19. janúar 2018.

Fundi slitið kl: 17.30
Guðlaug Erlendsdóttir